

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á málþingi til heiðurs
Anni G. Haugen vegna starfsloka hennar. Haldið í Norræna húsinu föstudaginn
3. maí 2019 kl. 13**

Kæru gestir.

Ég býð ykkur velkomin til þessa málþings sem haldið er til heiðurs Anni G. Haugen vegna starfsloka hennar við Félagráðgjafardeild.

Félagráðgjöf er í senn fræði- og starfsgrein. Félagráðgjafardeild menntar félagráðgjafa sem geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi. Forsenda þess að nám í félagráðgjöf uppfylli ströngustu gæðakröfur er að tryggt sé að til kennslu veljist öflugt fræðafólk og fólk með sérfræðiþekkingu úr atvinnulífinu, eða af vettvangi eins og sagt er í félagráðgjöfinni.

Hér í dag heiðrar Félagráðgjafardeild Anni G. Haugen í tilefni þess að hún hefur látið af föstu starfi við deildina. Anni fór til náms í félagráðgjöf til Noregs og lauk þaðan prófi árið 1975. Hún var því liðsmaður í framvarðarsveitinni sem byggði upp félagráðgjöf sem starfsgrein hérlendis og gegndi hún ábyrgðarstörfum á vettvangi og í félagi félagráðgjafa. Félagráðgjafar voru menntaðir erlendis allt til 1982 þegar fyrstu félagráðgjafarínir útskifuðust frá Háskóla Íslands. Stór hluti af félagráðgjafanámi er verknám undir handleiðslu sérþjálfara kennara. Anni var í hópi þeirra frá upphafi og hóf svo stundakennslu við Félagráðgjafardeild árið 1995.

Árið 2006 tók Anni við starfi lektors við Félagsráðgjafardeild, þar sem hún lagði áherslu á þróun og framkvæmd starfsþjálfunar og nám og rannsóknir á sviði barnaverndar sem var hennar helsta sérfræðisvið. Það var því mikill fengur fyrir deildina að fá til starfa lektor með reynslu og þekkingu Annar af vettvangi og hér á eftir munu fyrirlesarar gera grein fyrir sögulegri þróun barnaverndar og framlagi Annar til barnaverndar og rannsókna á sviðinu.

Auk hefðbundinna akademískra starfa við rannsóknir og kennslu beitti Anni sér í starfi fyrir því að tryggja og byggja upp öflug tengsl við vettvang, auk þess sem hún hafði forystu um að þróa framhaldsnám á sviði barnaverndar við Félagsráðgjafardeild. Þá er vert að geta þess að Anni hefur verið ötul baráttukona fyrir mannréttindum og hér á eftir verður einnig fjallað um störf hennar í þágu lesbía og homma.

Góðir gestir. Ég vil fyrir hönd Háskóla Íslands þakka Anni G Haugen kærlega fyrir öflugt og óeigingjarnt frumkvöðlastarf og framlag hennar til rannsókna og þróunar félagsráðgjafar við skólann.

Þess má geta að Félagsráðgjafardeild hefur ekki misst Anni alveg frá sér því deildin gerði nýlega samning við hana um sérfræðiráðgjöf og aðstoð við ákveðin verkefni. Til að mynda veit ég að hún var að skila skýrslu með tillögum um diplómanám í barnavernd. Það er frábært að eiga hana að.

Kæra Anni, ég þakka þér fyrir ómetanlegt framlag þitt til Háskóla Íslands.